



Samstarf Tröllaborgar og Grunnskólans austan Vatna

Undanfarin ár hefur samstarfið milli Grunnskólans og Leikskólans

Tröllaborgar verið að þróast og ýmislegt verið reynt með góðum árangri til að gera skrefið á milli skólastiga auðveldara fyrir nemendur. Auk þess er aukið samstarf á milli skólans og leikskólans um val á námsefni. Samstarfið er endurskoðað í upphafi hvers skólaárs.

Markmiðið með samstarfi milli skólastigana er að:

- skapa samfellu í skólagöngu barna frá leikskóla til grunnskóla þannig að markvisst framhald sé á kennslu og námi barnsins á milli skólastiga.
- minnka bilið á milli skólastiga og auðvela börnum að hefja nám á nýju skólastigi.

Leiðir

- Samskipti og samvinna í námi og kennslu
- Samráðsfundir við skólaskipti
- Samráðsfundir að hausti
- Sameiginlegir viðburðir

Ávinningur

- Leikskólabörnin læra að þekkja húsnæði grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst kennurum grunnskólans.
- Leikskólabörnin hafa kynnst nemendum grunnskólans.
- Þessi samskipti auðvela leikskólabörnunum að byrja í grunnskólanum.
- Grunnskólabörnin halda tengingu við kennara og nemendur leikskólans.
- Félagsleg tengsl skapast milli ólíkra aldurshópa.
- Samskipti kennara beggja skólastiga aukast og þar með skilningur á því starfi sem fram fer í hvorri stofnun fyrir sig.

Samskipti og samvinna í námi og kennslu

Íþróttir

Elsti árgangur nemenda leikskólans fer með yngstu nemendum grunnskólans í íþróttir einu sinni í viku. Starfsmaður frá leikskólanum fylgir nemendum í íþróttatímana nema annað sé ákveðið. Íþróttakennari grunnskólans hefur umsjón með kennslunni.

Útikennsla

Einu sinni í viku er sameiginleg útikennsla hjá leik- og grunnskólanum. Kennarar frá báðum skólastigum hafa umsjón með útikennslunni.

Sögustundir

Einu sinni í viku eru sameiginlegar sögustundir hjá elsta árgangi leikskólans og yngstu árgöngum grunnskólans í umsjón umsjónarkennara yngsta stigs í grunnskólanum.

Lestrarstundir

Einu sinni í viku fara nemendur á miðstigi grunnskólans inn í leikskóla og sjá um lestrarstundir í hópastarfi leikskólabarnanna. Deildarstjórar leikskólans ásamt umsjónarkennurum skipuleggja lestrarstundirnar.

Skólaheimsókn

Elsti árgangur leikskólans tekur þátt í starfi grunnskólans í eina viku að vori, á tímabilinu mars – apríl. Þar að auki tekur elsti árgangur leikskólans þátt í skógardeginum að vori.

Skilafundur við skólaskipti

Haldinn er skilafundur í upphafi skólaárs þar sem gerð er grein fyrir stöðu hvers nemanda áður en grunnskólaganga hefst. Samkvæmt 16. grein laga um leikskóla er skylt að láta þær persónuupplýsingar sem fyrir liggja og nauðsynlegar eru fyrir velferð og aðlögun barnsins í grunnskóla fylgja á milli skólastiga. Deildarstjóri stoðþjónustu grunnskólans er ábyrgur fyrir því að til fundanna sé boðað. Fundinn sitja deildarstjóri leikskólans, umsjónarkennari og deildarstjóri stoðþjónustu í grunnskólanum. Skólastjórar hafa rétt til setu á fundinum.

Fyrir fundinum liggja eftirfarandi gögn:

- Skólabrú milli skólastiga
- Niðurstöður Hljóm-2
- Niðurstöður greininga ef við á
- Aðrir matslistar eftir því sem við á

Skipulagsfundur að hausti

Haldinn er samráðsfundur að hausti þar sem farið er yfir samstarfið og heimsóknir skipulagðar á milli skólastiga. Skólastjórar bera ábyrgð á að boða til skipulagsfunda.

Sameiginlegir viðburðir

Skólarnir eru með ýmsa sameiginlega viðburði s.s. nóvemberskemmtun, litlu jól, öskudag og danssýningu.

Gönguferð – Í september ár hvert fara elstu börn leikskólans og nemendur grunnskólans í gönguferð saman.

Haustskemmtun - Í tilefni af *Degi íslenskrar tungu* er haldin haustskemmtun í grunnskólanum. Börnin í leikskólanum taka þátt með því að sýna æft atriði.

Litlu jól – Eftir stofujól nemenda og umsjónarkennara er sameiginleg jólamáltíð beggja skólastiga í hádeginu. Eftir það er sameiginlegt jólaball í umsjón foreldrafélagsins.

Öskudagur – Skólahópur leikskólans tekur þátt í dagskrá grunnskólans.

Danssýning – Að lokinni danskennslu vetrarins er haldin danssýning þar sem nemendur leik- og grunnskóla sýna dansa sem þeir hafa lært á námskeiðinu.

Útskrift og skólaslit – Útskrift leikskólans fer fram á skólaslitum grunnskólans. Umsjónarkennari yngstu nemenda grunnskólans tekur formlega við nýjum nemendum og býður þá velkomna.